

FORSETA BRÉF

um afreksmerki hins íslenska lýðveldis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórninni þyki hlýða, að gerður verði heiðurspeningur, er sæma megi innlenda menn og erlenda, er leggja líf sitt eða heilsu í hættu við björgun íslenzkra manna úr lífsháska.

Ég fellst á, að efnt verði til slíks heiðurspenings, og skulu um hann gilda eftirfarandi reglur:

1. gr.

Heiðurspeningurinn nefnist: Afreksmerki hins íslenska lýðveldis. Afreksmerkið er í tveimur stigum. Fyrra stig er peningur úr gulli, 3 cm að þvermáli og 2 mm á þykkt. Á framhlið peningsins skal mótuð mynd Fjallkonunnar og umhverfis lettrað í boga: Afreksmerki hins íslenska lýðveldis. Á bakhlið peningsins er skjaldarmerki Íslands. Á rönd peningsins skal lettra nafn þess, er peninginn hlýtur, og hvaða dag og ár afrek það var unnið, er gerði hann merkisins verðan.

Annað stig merkisins er eins og hið fyrra, nema silfur í stað gulls.

2. gr.

Afreksmerkið skal bera á brjóstinu vinstra megin í bláu silkibandi.

3. gr.

Afreksmerkinu má sæma innlenda menn og erlenda, er hætt hafa lífi sínu eða heilsu við björgun íslenzkra manna úr lífsháska, enda sé upplýst með lögreglurannsókn, eða á annan fullgildan hátt, um öll atvik björgunarinnar.

4. gr.

Afreksmerkið er eign þess, er hlýtur það, og erfingja hans að honum látnum.

5. gr.

Forseti Íslands veitir afreksmerkið.

6. gr.

Forsetinn skipar þriggja manna nefnd, er gerir tillögur um veiting afreksmerkisins. Einn skal skipa að ráði forsætisráðherra og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar, annar sé forseti Slysavarnafélags Íslands, en hinn þriðji formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálkaorðu.

Nefndin skal halda gerðabók um störf sín.

7. gr.

Engan má sæma afreksmerkinu, nema nefndarmenn séu sammála um að leggja það til. Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða, skal leita umsagnar utanríkisráðherra Íslands áður en ákvörðun er tekin um veitingu merkisins.

8. gr.

Veiting afreksmerkisins skal að jafnaði fram fara 1. desember.

Merkinu skal fylgja skjal, undirritað af forseta og nefndarmönnum, þar sem greint sé, fyrir hvaða afrek merkið er veitt.

85

9. okt.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum, hverjir afreksmerkið hljóta og fyrir hvað.

9. gr.

10. gr.

Kostnaður við afreksmerkið greiðist úr ríkissjóði.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

86

17. okt.

AUGLÝSING

um fullgildinguna á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess.

Hinn 16. maí 1950 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, sem gerð var á 31. þingi Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í San Francisco 1948.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðalforstjóra Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar hinn 4. október 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 17. október 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Allsherjarþing Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948 samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera í samþykktarformi ákveðnar tillögur um félagafrelsi og verndun þess, en það er sjöunda mál á dagskrá þingsins, og með skírskotun til þess:

- að* í formála stjórnarskrár Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar er því lýst yfir, að „viðurkenning á grundvallarreglum um félagafrelsi“ stuðli að bættum lífskilyrðum verkalýðsins og friði;
- að* Philadelphiuyfirlýsingin endurstaðfestir það, að „tjáningarfrelsi og félagafrelsi eru frumskilyrði fyrir áframhaldandi framförum“;
- að* Alþjóðavinnnumálaþingið samþykkti einróma á 30. þingi sínu grundvallarreglur þær, sem vera skyldu undirstaða að alþjóðareglum; — og —
- að* allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur á öðru þingi sínu fallizt á þessar grundvallarreglur og óskað eftir því, að Alþjóðavinnnumálastofnunin héldi áfram hvers konar viðleitni í þá átt, að hægt verði að gera eina eða fleiri alþjóðasamþykktir;

gerir það í dag, níunda júlí árið níttján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess: